



ÚTBOÐSSKILMÁLAR

– í tengslum við sölu Lindarhvals ehf. á allt að 13,93% eignarhlut í Sjóvá-Almennum tryggingum hf. 23. september 2016

Lindarhvoll ehf., kt. 670416-0460, Arnarhvoli, 101 Reykjavík (hér eftir nefndur „tilboðshafi“ eða „seljandi“), fyrir hönd SAT eignarhaldsfélags hf., kt. 450500-3720, Sóltúni 26, 105 Reykjavík sem er í eigu ríkissjóðs Íslands, kt. 540269-6459, Vegmúla 3, 108 Reykjavík, býður til sölu þegar útgefið hlutafé í Sjóvá-Almennum tryggingum hf., kt. 650909-1270, Kringlunni 5, 103 Reykjavík (hér eftir nefnt „Sjóvá“) í samræmi við eftirfarandi útboðsskilmála (hér eftir „útboði“).

<i>Tilboðsfrestur:</i>	Til klukkan 08:30 mánudaginn 26. september 2016
<i>Útgefandi boðinna verðbréfa:</i>	Sjóvá-Almennar tryggingar hf., kt. 650909-1270. Auðkenni á Nasdaq Iceland hf. er: SJOVA, ISIN nr. IS0000024602
<i>Umsjónaraðili:</i>	Markaðsviðskipti Landsbankans hf., kt. 471008-0280, Hafnarstræti 5, 3. hæð, 155 Reykjavík
<i>Tilboðsgjafi:</i>	Aðili sem tekur þátt og leggur fram tilboð í útboðinu samkvæmt tilboðsformi, sem nálgast má hjá umsjónaraðila
<i>Tilboðshaf/seljandi:</i>	Lindarhvoll ehf., kt. 670416-0460, Arnarhvoli, 101 Reykjavík
<i>Fjöldi hluta til sölu:</i>	Tilboðshafi býður til sölu allt að 217.655.980 hluti í Sjóvá, eða sem samsvarar 13,93% af þegar útgefnu hlutafé í Sjóvá. Hver hlutur í Sjóvá er 1 kr. að nafnverði
<i>Lágmarksfjöldi hluta:</i>	Tilboðsgjafi getur að lágmarki óskað eftir að kaupa 1.250.000 hluti í Sjóvá
<i>Lágmarksgengi:</i>	Lágmarksgengi í útboðinu eru 12,85 krónur á hlut
<i>Sölugengi:</i>	Það gengi sem tilboðshafi ákvarðar að sölutímabili liðnu, sem verður að lágmarki það lágmarksgengi sem tilgreint er í útboðsskilmálunum. Öll samþykkt tilboð bjóðast tilboðsgjöfum á sama gengi þar sem lægsta samþykkt gengi ræður sölugenginu en útboðið verður þannig hollenskt útboð (e. single price)
<i>Viðskiptadagur:</i>	Mánudagur 26. september 2016
<i>Greiðslu- og afhendingardagur:</i>	Miðvikudagur 28. september 2016

- Útboðsfyrirkomulag verður með þeim hætti að tilboðsgjafar skila til umsjónaraðila tilboði á stöðluðu tilboðsformi (hér eftir nefnt „tilboði“) sem er aðgengilegt á vefsíðu umsjónaraðila. Tilboðsgjafar geta skilað inn fleiri en einu tilboði til tilboðshafa. Til að tilboð sé gilt skal tilboðsgjafi skila tilboðinu, með öllum þeim ákvæðum og skilmálum sem þar koma fram, réttilega útfylltu og undirritaðu fyrir klukkan **08:30 mánudaginn 26. september 2016** með tölvupósti á netfangið utbod.sjova@landsbankinn.is, merkt, **Sjóvá – TILBOÐ**. Eingöngu er tekið við tilboðum sem berast á framangreindu tilboðsformi. Ef gilt og undirritað tilboð berst ekki til umsjónaraðila vegna kerfisgalla eða einhverra annarra ástæðna þá firra umsjónaraðili og tilboðshafi sig allri ábyrgð. Staðfesting umsjónaraðila á móttöku undirritaðs tilboðs er forsenda gildrar sönnunar á tilboði. Slík staðfesting verður send tilboðsgjafa eins fljótt og verða má með tölvupósti á það netfang sem tilboðsgjafi tilgreinir í tilboði sínu.
- Seljandi áskilur sér rétt til að samþykkja öll tilboð sem berast en hefur jafnframt heimild til að hafna einstökum eða öllum tilboðum. Gildir það um tilboðin í heild eða að hluta og án tillits til þess hvort þau eru jöfn lágmarksgengi útboðsins eða á hærri gengi. Afstaða til tilboðanna þarf ekki að byggja á sérstökum rökstuðningi. Seljandi kann að samþykkja fleiri en eitt tilboð frá hverjum tilboðsgjafa. Öll samþykkt tilboð bjóðast tilboðsgjöfum á sama gengi þar sem lægsta samþykkt gengi ræður sölugenginu en útboðið verður þannig hollenskt útboð (e. single price). Samþykkt tilboð sem berast á hærri gengi en sölugengi fá fulla úthlutun á sölugengi. Samþykkt tilboð sem berast á sama gengi og sölugengi kunna að verða skert sem nemur umframeftirspurn í útboðinu, en þó aldrei niður fyrir lágmarksfjölda hluta í útboðinu. Lágmarksgengi í útboðinu er 12,85 kr. á hlut. Öllum tilboðum undir lágmarksgengi eða undir lágmarksfjölda hluta verður hafnað.
- Niðurstöður útboðsins verða birtar á vefsíðu Landsbankans hf., www.landsbankinn.is, að útboði loknu og eigi síðar en klukkan 09:30 mánudaginn 26. september 2016. Umsjónaraðili mun tilkynna tilboðsgjafa fyrir klukkan 10:30 mánudaginn 26. september 2016 hvort tilboð hans hefur verið samþykkt eða því hafnað, með tölvupósti á það netfang sem hann tilgreinir í tilboði.
- Gjaldþagi og eindagi kaupverðs er fyrir kl. 14:00 á greiðslu- og afhendingardegi. Berist greiðsla frá tilboðsgjafa ekki á eða fyrir gjaldþaga og eindaga kaupverðs er seljandi heimilt að innheimta skuldina með þeim hætti sem lög kveða á um. Í stað þess að grípa til innheimtuáðgerða áskilur seljandi sér rétt til þess að fella einhliða úr gildi tilboð sem ekki eru greidd á eindaga.
- Seldir hlutir í Sjóvá verða afhentir rafrænt í kerfi Nasdaq verðbréfamistöðvar hf. og mun umsjónaraðili tilkynna vörsluáðila tilboðsgjafa um afhendingu hlutanna. Seldir hlutir verða þó ekki afhentir fyrr en greiðsla hefur borist frá tilboðsgjafa.
- Umsjónaraðili áskilur sér rétt til að krefjast tryggingar fyrir greiðslu frá tilboðsgjafa sem leggur fram tilboð. Ef tilboðsgjafi verður ekki við slíkri kröfu þá áskilur umsjónaraðili sér rétt til að ógilda tilboð viðkomandi í heild eða að hluta.
- Tilboðsgjafi ber sjálfur ábyrgð á því að gæta að öllum tilkynningum sem hann kann að þurfa að senda í tengslum við viðskiptin, svo sem tilkynningum um breytingar á verulegum hlut atkvæðisréttar (flöggun).
- Tilboðsgjafi sem er erlendur aðili, eins og hugtakið erlendur aðili er skilgreint í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál, skulu við framlagningu tilboðs sýna umsjónaraðila fram á með sannanlegum hætti að þeim sé heimilt að fjárfesta í þeim verðbréfum sem boðin eru til sölu í útboðinu, sbr. 13. gr. b. og 13. gr. m. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál.
- Tilboðsgjafi samþykkir með framlagningu tilboðs að greiða þóknun vegna viðskiptanna samkvæmt gjaldskrá Landsbankans hf. og greiðist þóknunin til viðbótar kaupverði tilboðsgjafa.
- Tilboðsgjafi skal lýsa því yfir og staðfesta eftirfarandi í tilboðinu:
 - að hann hafi mótttekið, kynnt sér, samþykkt og skilið útboðsskilmála þessa og skilmála tilboðsins;
 - að honum sé kunnugt um að útboðið sé undanþegið útgáfu lýsingar í samræmi við heimild í c-lið, 1. töluliðar, 1. málsgreinar 50. greinar laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og að hann hefur verið hvattur til að kynna sér opinberar upplýsingar sem tengjast Sjóvá. Tilboðsgjafi gerir tilboð þetta í hlutabréf í Sjóvá einungis á grundvelli opinberra upplýsinga;
 - að hann hafi lesið og skilið reglur Landsbankans hf. um hagsmunaaárekstra, sem eru settar í samræmi við 8. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og finna má á vefslóðinni <http://bankinn.landsbankinn.is/um-bankann/stjornarhaettir/reglur/>;
 - að kaup hans á hlutafé í Sjóvá í útboðinu séu að hans eigin frumkvæði, enda fari þau fram á grundvelli tilboðs hans;
 - að í tilboði hans felist bein fyriræmi hans um kaup á verðbréfum, sbr. 4. mgr. 16. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og að honum sé ljóst að Landsbankanum er ekki skylt að meta hvort þátttaka í útboðinu og kaup á hlutafé í Sjóvá sé viðeigandi fyrir hann og að hann njóti því ekki verndar samkvæmt 16. gr. framangreindra laga;
 - að hann geri sér grein fyrir þeirri áhættu sem felst í fjárfestingu í hlutafé í Sjóvá.

Útboðsskilmálar þessir eru aðgengilegir á vefsíðu Landsbankans hf.: www.landsbankinn.is.

Öðrum skilmálum en fram koma í tilboði og í útboðsskilmálum þessum er ekki fyrir að fara.

Um framangreint útboð gilda íslensk lög. Verði ágreiningur milli aðila um útboðsskilmála þessa skulu aðilar reyna til hins ýtrasta að leysa hann sín á milli. Sé aðilum ekki fært að leysa slíkan ágreiningur sín á milli skal reka mál vegna hans fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.